



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## GESTIR NORSKU KONUNGSHJÓNANNA

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff forsetafrú hafa þekkt boð Haraldar Noregskonungs og Sonju drottningar um að vera nú um helgina gestir konungshjónanna á Holmenkollen skíðahátíðinni. Hún er einn helsti skíðaviðburður Noregs og fjölsótt af almenningi enda fara þar fram Heimsleikar í norrænum greinum (Nordisk World Cup), svo sem í göngu og stökki. Holmenkollen hefur löngum verið miðstöð skíðaíþróttarinnar í Noregi.

9. mars 2012

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).*